

Ritreglur

Í samræmi við auglýsingar menntamálaráðuneytis
um stafsetningu og greinarmerkjasetningu

Teknar saman í Íslenskri málstöð
í umboði Íslenskrar málnefndar
2004

I. STAFRÓFIÐ

1

Stafir íslenska stafrófsins:

a A • á Á • b B • d D • ð Ð • e E • é É • f F • g G • h H • i I • í Í • j J • k K • l L • m M • n N
• o O • ó Ó • p P • r R • s S • t T • u U • ú Ú • v V • x X • y Y • ý Ý • þ Þ • æ Æ • ö Ö

II. STÓR OG LÍTILL STAFUR

2

Lítill stafur er notaður að jafnaði í rituðu máli.

auðveldlega • átján • eða • fróður • hún • inn • íslenskur • kaupa • köttur • nei • oft • sigla • vestfirskur • þriðjudagur

3

Stór stafur er notaður í upphafi máls og í nýrri málsgrein á eftir punkti. Komma og semikomma kalla aldrei á stóran staf en upphrópunarmerki, spurningarmerki og tvípunktur stundum eins og ráða má af eftirfarandi dæmum:

Hann er kominn. Það var nú gott.
Er hann kominn? Það var nú gott.
Hann er kominn! Það var nú gott.
Ég sagði: „Það var nú gott.“
„Það var nú gott,“ sagði ég.
„Er hann kominn?“ spurði ég.
„Hann er kominn!“ kallaði hún.
Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.
Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn; missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.
Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn, greið; missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.

4

Stóra stafi má nota á svipaðan hátt og fleiri leturbreytingar, t.d. til áherslu.

Lofaðu að gera þetta **ALDREI AFTUR!**

5

Stórir stafir koma einnig fyrir í ýmsum skammstöfunum o.fl., t.d. þegar bókstafir gegna líku hlutverki og tölustafir.

A-hluti • ASÍ • BA-próf • BHM • DV • ESB • ESB-aðild • FH • HM '03 • ÍSÍ • LÍÚ • SÍBS • SP • Deild 12 B • Lækjargata 25 B

6

Samnöfn eru að jafnaði skrifuð með litlum upphafsstaf.

alþingismaður • amfetamín • andskoti • barnahjálpi • barnaverndarnefnd • biskup • borgarstjóri • bóndi • djöfull • doktor • dómsmálaráðherra • e-tafla • engill • evra • fjandi • fob-verð • forseti • forsætisráðherra • framhaldsskóli • frú • háskóli • hugvísindadeild • heimsmeistaramót • herra • hæstaréttardómari • jörð • kennari • kísilgúr • kjaranefnd • konungur • króna • landlæknir • langbrók • ljósmóðir • lýðveldi • lögfræðingur • mannanafnanefnd • miðhálandi • norðurheimskaut • prestur • prófessor • pund • ráðuneyti • ritstjóri • ríkisstjórn • sálfræðingur • séra • sjómaður • skáld • skipstjóri • skrifstofa • smiður • sól • suðurskaut • sýslumaður (starfsheiti) • tungl • verkamaður • vítamín • þröskuldur • öldungur

Sjá nánar liði 7-26.

7

Stór stafur er ritaður í upphafi sérnafns.

Akraborg • Akrahreppur • Akureyri • Alþingi • Alþingishúsið • Alþjóðavinnumálastofnunin • Arnarhváll • Austurstræti • Árnassýsla • Babelsturninn • Biblían • Bítlarnir • Bótin • Branda • Breki • Draupnir • Drottinn • Eiðarþinghá • Einimelur • Esja • Evrópa • Evrópusambandið • Eyjahaf • Fjallabaksleið • Fjarðabyggð • Flói • Flugleiðir • Flugmálastjórn • Garðatorg • Geysir • Gilitrutt • Glámur • Golsa • Grandi • Grund • Guðmundur • Gummi • Hagaskóli • Halamið • Háaleiti • Hekla • Hóll • Hrímnir • Húnaflói • Iðnfræðsluráð • Internetið • Ísafjörður • Ísland • Jesús • Júpíter • Jökuldalur • Karlsvagninn • Kínamúrinn • Kristur • Kvaran • Kyrrahaf • Kölski • Landhelgisgæslan • Langisjór • Laugavegur • Loki • Lækjartorg • Maldíveigar • Merkúr • Morgunblaðið • Mývatn • Möðruvallasókn • Neptúnus • Netið • Neytendasamtökin • Norðurlönd • Nóatún • Nóbelsverðlaun • Ódáðahraun • Óðinn • Ólafur • Óli • Ólympíuleikar • Óskarsverðlaun • Plútó • Pollurinn • Pólstjarnan • Rangárþing • Rannveig • Reykholt • Reykjanesskagi • Reykjavík • Rimmugýgur • Ríkisendurskoðun • Ríkisútvarpið • Samkeppnisstofnun • Satan • Satúrnus • Sigurðardóttir • Sjálfstæðisflokkurinn • Sjöstirnið • Skírnir • Skjalda • Skjóni • Skólavarðan • Smugan • Snati • Sprengisandur • Stokkseyri • Stórpíngið • Stuðmenn • Suðurland • Suðurland • Suðurskautslandið • Suðvesturland • Súðavík • Súlnasalur • Svörtuloft • Tangi • Tjörninn • Tunglskinssónatan • Úranus • Valhöll • Vatnsberinn • Venus • Vestfirðir • Vesturland • Vigdís • Vigga • Vík • Völuspá • Þorlákur • Ölfusá

8

Ef sérnafn er fleiri en eitt orð er stór upphafsstafur aðeins í fyrsta orðinu eða liðnum nema aftara orð eða liður sé einnig sérnafn.

Austurlönd nær • Bandalag íslenskra skáta • Bláa lónið • Byggt og búið • Dohrn-banki • Egils appelsín • Egils saga • Evrópska efnahagssvæðið • Fjárslá ríkisins • Gripið og greitt • Hrafninn flýgur • Íslensk erfðagreining • Íslensk málnefnd • Kennedy-flugvöllur • Landssamband íslenskra útvegsmanna • Norræna húsið • Norræna ráðherranefndin • Nýja testamentið • Rauði krossinn • Sameinuðu þjóðirnar • Seychelles-eyjar • Sjálfstætt fólk • Sögur herlæknisins • Tösku- og hanskabúðin • Vinnueftirlit ríkisins • Þorláks saga helga

Fjalla-Eyvindur • Fríverslunarsamtök Evrópu • Háskóli Íslands • Héraðsdómur Reykjavíkur • Hótel Borg • Hæstiréttur Íslands • Íþróttasamband Íslands • Karlakórinn Þrestir • Kennaraháskóli Íslands • Knattspyrnufélagið Fram • Konungsríkið Danmörk • Lýðveldið Lettland • Mið-Austurlönd • New York-ríki • Norður-Íshaf • Rómanska Ameríka • Sinfóníuhljómsveit Íslands • Stjórnarráð Íslands • Suður-Ameríka • Sveitarfélagið Skagafjörður • Syðri-Grund • Sýslumaðurinn í Hafnarfirði (heiti stofnunar) • Tollstjórinn í Reykjavík • Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar • Vestur-Ísafjarðarsýsla • Víðavangshlaup ÍR • Víga-Glúmur • Ytri-Mælifellsá

9

Stór upphafsstafur er venjulega í orðum sem mynduð eru með sérnafni þannig að það sé áberandi í merkingu orðsins. Tulkunaratriði getur verið hvað teljist áberandi og hvað hverfandi merkingarþáttur. Mikilvægt er að gæta að hefð og samræmi.

Akureyrarveikin • Asíuflensa • Ármenningur • Balkanlönd • Bandaríkjadalur • Bandaríkjaforseti • Bláalónshlaupið • Breiðabliksstúlka • Danmerkurferð • Eflingarmaður • Evrópusambandsaðild • Fáfnisbani • Fjölismaður • Guðrúnarlegur • Halaveður • Heimdellingur • Hólsfjallahangikjöt • Hríseyjarferja • Íslandsmeistaratitill • Íslandsmeistari • Kópavogsbúi • Maríubæn • Markúsarnetið • Morgunblaðsgrein • Nóbelsverðlaunahafi • Skálholtsbiskup • Sóknarkona • Stuðmannaplata • Toyota-bifreið • Þingvallanefnd

Þetta á þó aldrei við um lýsingarorð með *-sk-*.

akureyrskur • asískur • ástralskur • evrópskur • íslenskur • jóskur

Fleiri frávík, sem hafa þarf í huga, koma fram hér á eftir.

10

Ef sérnafni fylgir enginn eða aðeins hverfandi merkingarþáttur í myndun samnafns er samnafnið haft með litlum upphafsstaf enda þótt það sé upprunalega dregið af sérnafni. Þetta á m.a. alltaf við um dýra- og plöntunöfn.

adamsepli • akkilesarhæll • alaskaösp • alpagrein • aulabárður • baldursbrá • bermúda-
buxur • biblíufróður • bögubósi • dalmatíuhundur • dingóhundur • dísilbifreið • evuklæði •
gordíonshnútur • grettistak • gróusaga • hamborgari • hrunadans • jakobsfífill • kaupa-
héðinn • kínarúlla • kvislingur • lygamörður • mariustakkur • mariútása • napóleonskaka •
óðinshani • parkinsonsveiki • röntgenmynd • salómonsdomur • síamstvíburar • svika-
hrappur • vinarbrauð • þórðargleði • þyrnirósarsvefn • ökupór

11

Ef ritháttur erlends sérnafns samræmist ekki íslenski ritvenju er samnafnið, sem af því er dregið, að jafnaði ritað með stórum upphafsstaf enda þótt sérnafninu fylgi ekki lengur nema hverfandi merkingarþáttur í orðinu.

Alzheimer(s)-sjúkdómur • Bernouilli-lögmál • Downs-heilkenni
• Marshall-aðstoð • Newtons-lögmál

12

Ritaður er stór upphafsstafur í heitum þeirra sem eru kenndir við heimsálfur, héruð, landsvæði, borgir, bæi og forfeður og í öðrum heitum sem dregin eru af þess háttar sérnöfnum.

Afríkumenn	sbr.	Afríka	Laxdælir	sbr.	Laxárdalur
Austfirðingar	sbr.	Austfirðir	Norðmýlingar	sbr.	Norður-Múlasýsla
Aþeningar	sbr.	Aþena	Oddaverjar	sbr.	Oddi
Bæjarar	sbr.	Bæjaraland	Reykvíkingar	sbr.	Reykjavík
Evrópumenn	sbr.	Evrópa	Rómverjar	sbr.	Róm
Jótar	sbr.	Jóttland	Saxar	sbr.	Saxland
Kastilíumenn	sbr.	Kastilía	Seyðfirðingar	sbr.	Seyðisfjörður
Katalónar	sbr.	Katalónía	Sikileylingar	sbr.	Sikiley
Keldhverfingar	sbr.	Kelduhverfi	Stokkseyringar	sbr.	Stokkseyri
Knýtlingar	sbr.	Knútur	Sturlungar	sbr.	Sturla
Kópavogsbúar	sbr.	Kópavogur	Svínfellingar	sbr.	Svínafell

13

Stór upphafsstafur er ritaður í heitum þjóða og í heitum sem af þeim eru dregin. Þjóðaheiti eru ekki skýrt afmörkuð en oftast er átt við heiti þeirra sem búa í sama ríki, eru eða hafa verið félagslega skipulegar einingar, búa við sameiginlega löggjöf eða koma fram sem eining á alþjóðavettvangi.

Baskar • Bretónar • Búar • Danir • Englar • Englendingar • Forn-Grikkir • Grikkir • Hellenar •
Indverjar • Írakar • Íslendingar • Ísraelsmenn • Kúrdar • Langbarðar • Norðmenn • Palest-
ínnumenn • Portúgalar • Samar • Saxar • Taílandingar • Tamílur • Þjóðverjar • Tsjetsjenar •
Vestur-Íslendingar

14

Ritaður er lítill upphafsstafur í óformlegum þjóðaheitum.

baunar • fransmenn • norsarar • spanjólur • tjallar • þýskarar

15

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum þjóðflokka og kynstofna.

arabar • germanar • gyðingar • indíánar • inúítar • kákasítar • keltar • mongólar • negrítar • slavar

Með stórum og litlum upphafsstaf má gera greinarmun á merkingu í sumum tilvikum.

arabar (þjóðflokkur)
Arabar (þjóð, kennd við Arabíu)

mongólar (kynstofn)
Mongólar (þjóð, kennd við Mongólíu)

16

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum tungumála, málaflokka og mállýskna.

bantúmál • danska • forngríska • íslenska • jóska • latína • svahílí • vestfirska

17

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum einstakra daga, mánaða, tímabila, hátíða og sögulegra viðburða nema fyrri hluti slíkra heita sé sérnafn eða dreginn af sérnafni.

aðventa • ár fatlaðra • bannár • dagur íslenskrar tungu • dagur Sameinuðu þjóðanna • fornöldin • franska byltingin • frostaveturinn mikli • fullveldisdagur • hundadagar • hvítasunna • iðnbyltingin • jól • júlí • kalda stríðið • landnámsöld • laugardagur • móðuharðindi • nóvember • páskar • sjómannadagurinn • skírdagur • sumardagurinn fyrsti • þjóðhátíðardagur • þorri • verslunarmannahelgi

Jónsmessa • Margrétarmessa • Ólafsvaka • Sturlungaöld • Þorláksmessa

18

Í stytta eða breyttu sérnafni getur verið val um lítinn eða stóran upphafsstaf.

Háskóli Íslands = **háskólinn** eða **Háskólinn**
Hellisheiði = **heiðin** eða **Heiðin**
Hæstiréttur Íslands = **hæstiréttur** eða **Hæstiréttur**
Hafnarfjörður = **fjörðurinn** eða **Fjörðurinn**
Stjórnarráð Íslands = **stjórnarráðið** eða **Stjórnarráðið**

Engin hefð virðist fyrir því að rita styttinguna *Kvennó* með litlum upphafsstaf.

19

Valfrelsi er um lítinn eða stóran upphafsstaf í heitum ráðuneyta.

fjármálaráðuneytið
Fjármálaráðuneytið

Í tilvikum sem þessum verður að gæta vel að hefð og samræmi. Sú hefð hefur myndast í opinberum skjölum að yfirstofnanir hafi stóran staf en undirstofnanir lítinn.

Stjórnarráðið
fjármálaráðuneytið
utanríkisráðuneytið

Sameinuðu þjóðirnar
allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna
öryggisráð Sameinuðu þjóðanna

20

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum trúarbragða og viðhorfa.

ásatrú • búddismi • frjálshyggja • íslam • jafnaðarstefna • kalvínstrú • kristin trú • lenínismi • lúterska • maóismi • marxismi • valtyíska

21

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum fylgismanna trúarbragða og viðhorfa.

ásatrúarmaður • búddisti • fasisti • fransiskani • frímúrari • grænfriðungur • guðspekingur • gyðingur • húgenotti • kvekari • maóisti • múslími • nýguðfræðingur • repúblikani • sósíalisti • stalínisti • templari • valtyíngur

22

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum fylgismanna stjórnmálaflokka.

framsóknarmenn • frjálslyndir • samfylkingarmenn • sjálfstæðismenn • vinstri grænir

23

Samsett fylgismannaheiti af leiðtoganafni eru með stórum upphafsstaf.

Davíðsmaður • Valtýsmaður • Jóns Sigurðssonar maður

Athuga hér mun á rithætti orða með viðskeytum: *valtýingur* o.s.frv. og samsettra orða: *Valtýsmaður* o.s.frv.

24

Ýmis vöruheiti, sem upphaflega eru sérnöfn, eru rituð með stórum upphafsstaf ef þau koma fyrir í óbreyttu eða upphaflegu formi en með litlum upphafsstaf þegar um breytta orðmynd er að ræða.

Adidas • Cadillac • Ford • Macintosh • Nike • Volvo

bírópenni • kádiljákur • kók • lúxólampi • makki • volvóinn

25

Ekki er alltaf augljóst hvenær um er að ræða sérnafn. Upphafsstafur getur greint á milli í dæmum af því tagi.

Í námskrá frá 1929 er m.a. tilgreind Barnabiblía, saman hafa tekið Haraldur Nielsson og Magnús Helgason. Fyrir aðeins 400 kr. er hægt að útvega einu barni í Úsbekistan barnabíblíu.

Jesús er sonur Guðs.
Fornar þjóðir trúðu á ýmsa guði.

26

Þegar óvissa eða valfrelsi ríkir um stóran eða lítinn upphafsstaf skal gæta samræmis í rithætti í sömu ritsmíð og innan ritstjórnar eftir því sem unnt er. Ritstjórar og höfundar geta mótað eigin vinnureglur um slík tilvik til að auðvelda samræmi.

III. UPPRUNI ORÐA

27

Íslensk stafsetning byggist að miklu leyti á upprunasjónarmiðum. Í því felst að oft er valinn ritháttur sem endurspeglar uppruna og skyldleika orða fremur en að leitað sé einföldustu samsvörunar milli bókstafa og nútímaframburðar.

Þannig er að jafnaði tekið mið af stofni orðs,

grimmd með tveimur *m*-um af því að orðið er skylt orðinu *grimmur*

ritað *y*, *y* og *ey* í samræmi við uppruna og fornan framburð,

þynnri með *y* með hliðsjón af orðinu *þunnur*

gerður greinarmunur á *n* og *nn* í greini og endingum orða,

fyndinn í kk. en *fyndin* í kv.

ritað *fl*, *fn*; *ll*; *nn*; *rl*, *rn*.

efla, eflt, nefna, nefnd; allur; beinn; árla, spyrna, spyrnti

III. A Stofn orða; y, ý, ey

28

Gæta þarf að stofni orðs þótt hann heyrst ekki alltaf í framburði.

annarra sbr.	annar	hefndi sbr.	hefna	nefnd sbr.	nefna
annarrar sbr.	önnur	hefnt sbr.	hefna	nokkurra sbr.	nokkur
annarri sbr.	önnur	heppni sbr.	heppinn	nokkurrar sbr.	nokkur
bágur sbr.	bágs	holt sbr.	hollur	nokkurri sbr.	nokkur
beygja sbr.	beygði	holt sbr.	holur	ragt sbr.	ragur
bogi sbr.	boga	horfnir sbr.	horfinn	rakt sbr.	rakur
bólagna sbr.	bólgin	hryggði sbr.	hryggja	rigndi sbr.	rigna
brenndi sbr.	brenna	hryggnum sbr.	hryggur	rognir sbr.	rogninn
brennt sbr.	brenna	hryggs sbr.	hryggur	sigldi sbr.	sigla
drottni sbr.	drottinn	hryggt sbr.	hryggur	skipta sbr.	skipa
drottning sbr.	drottinn	hugsu sbr.	hugur	slokkna sbr.	slokkva
drukna sbr.	drukinn, drekkja	hvesst sbr.	hvesa	snilld sbr.	snilli
dökkt sbr.	dökkur	hvessti sbr.	hvesa	snögg sbr.	snöggur
efndi sbr.	efna	hæstur sbr.	hár	stærstur sbr.	stór
efnt sbr.	efna	illska sbr.	illur	tadsjikskur sbr.	Tadsjikar
eygja sbr.	eygði	íraskur sbr.	Írakar	tefidi sbr.	tefla
falls sbr.	fall	jafnt sbr.	jafn	tiginn sbr.	tign
finnska sbr.	Finni	kasakskur sbr.	Kasakar	tæpt sbr.	tæpur
fleygja sbr.	fleygði	kennsla sbr.	kenna	úsbekskur sbr.	Úsbekar
flokks sbr.	flokkur	kepps sbr.	keppur	vettlingur sbr.	vöttur
franskt sbr.	franskur	kettlingur sbr.	köttur	vinnsla sbr.	vinna
gaffli sbr.	gaffall	kleipst sbr.	klípa	vígsla sbr.	vígður
gapti sbr.	gapa	klukkna sbr.	klukka	yppti sbr.	upp
gegndi sbr.	gegna	kynnti sbr.	kynna	ýmissa sbr.	ýmis
gleggri sbr.	glöggur	kynti sbr.	kynda	þurrka sbr.	þurr
gleggstur sbr.	glöggur	lamb sbr.	lamb	þynnstur sbr.	þunnur
glettni sbr.	glettinn	legi sbr.	lögur		
glögg sbr.	glöggur	leigja sbr.	leigði		
granns sbr.	grannur	leppnum sbr.	leppur		
grennri sbr.	grannur	lægstur sbr.	lágur		
grimmd sbr.	grimmur	lögin sbr.	lög		
grimmt sbr.	grimmur	margt sbr.	margur		
grynnka sbr.	grunnur	minnka sbr.	minni		
harðna sbr.	harður	morgni sbr.	morgunn		
hálf sbr.	hálfur				

29

Athuga sérstaklega þrjá eins samhljóða á mótum samsettra orða.

allítill · hassali · sannnefndur · þátttaka

30

Ritað er *y* þegar *o*, *u* eða *ju* er í stofni orðsins eða í skyldum orðum eða sú ritvenja er föst af öðrum ástæðum.

byggi sbr. buggum
grynnri sbr. grunnur
gylla sbr. gull
synir sbr. sonur
mysa
systir

31

Ritað er *y* þegar *ú*, *jú* eða *jó* er í stofni orðsins eða í skyldum orðum eða sú ritvenja er föst af öðrum ástæðum.

hýsa sbr. hús
lýsa sbr. ljós
mýkt sbr. mjúkur
rýja sbr. rúði
blý

32

Ritað er *ey* þegar *au* er í stofni orðsins eða í skyldum orðum eða sú ritvenja er föst af öðrum ástæðum.

dreyma	sbr.	draumur
eygja	sbr.	auga
keypti	sbr.	kaupa
teygja	sbr.	taug
eyra		

33

Gæta verður að *y* í viðtengingarhætti þátíðar.

nafnháttur	viðtengingarháttur nútíðar	viðtengingarháttur þátíðar
binda	þótt ég bindi	þótt ég byndi (sbr. bundum)
brjóta	þótt ég brjóti	þótt ég bryti (sbr. brutum)
búa	þótt ég búi	þótt ég byggdi (sbr. bjuggum)
finna	þótt ég finni	þótt ég fyndi (sbr. fundum)
fljúga	þótt ég fljúgi	þótt ég flygi (sbr. flugum)
hrinda	þótt ég hrindi	þótt ég hryndi (sbr. hrundum)
kljúfa	þótt ég kljúfi	þótt ég klyfi (sbr. klufum)
spinna	þótt ég spinni	þótt ég spynni (sbr. spunnum)
springa	þótt ég springi	þótt ég sprynghi (sbr. sprungum)
stinga	þótt ég stingi	þótt ég styngi (sbr. stungum)
valda	þótt ég valdi	þótt ég ylli (sbr. ollum)
vinda	þótt ég vindi	þótt ég yndi (sbr. undum)
vinna	þótt ég vinni	þótt ég ygni (sbr. unnum)

III. B Frávik

Hafa þarf í huga nokkur veigamikil frávik frá þeirri aðalreglu að miða rithátt við stofn orða.

34

Stafirnir *d*, *ð* og *t(t)* falla niður á undan *s* eða *st* í viðskeytum og sagnendingum.

hefur birst (birt+st)	hefur hist (hitt+st)	nyrstur (nyrð+st+ur)
það bregst (bregð+st)	þú hraust (hraut+ st)	hefur sest (sett+st)
hefur breyst (breytt+st)	ísfirskur (ísfirð+sk+ur)	það stenst (stend+st)
hefur enst (ent+st)	hefur komist (komið+st)	stystur (stytt+st+ur)
hefur gleymst (gleymt+st)	þú leist (leit+st)	veisla (veit+sl+a)
það helst (held+st)	hann lést (lét+st)	verslun (verð+sl+un)
helvískur (helvít+sk+ur)	hefur lést (létt+st)	hefur virst (virt+st)

Stafurinn *ð* fellur þó ekki niður á undan *s* ef *ð* heyrir í framburði.

ániðsla	eyðsla	hefur neyðst
breiðsla	háðskur	hefur reiðst
hefur dáðst	hefur náðst	æðstur

Athuga þer að eftirfarandi orð hafa ekki *ð* í stofni:

hæstur	lægstur	stærstur
--------	---------	----------

35

Miðmyndarendingin *st* fellur niður á eftir *(s)st* í germynd.

bíllinn hefur fest (festast)
þú hélst óbreyttur (haldast)
fólkið hefur hressst (hressast)
þau hafa kysst (kyssast)
málið hefur leyst (leysast)
flíkin hefur lýst (lýsast)
þú skarst í andliti (skerast)

36

Stafirnir *ð* og *d* falla niður á undan *t* í viðskeyti eða endingu.

blítt (blíð+t)	hefur synt (synd+t)
hart (harð+t)	vont (vond+t)
kalt (kald+t)	yrti (yrð+t+i)

37

Stafurinn *k* fellur niður á eftir *í* þegar viðskeytið *sk* fer á eftir.

Ritað er	þrátt fyrir <i>k</i> í
afrískur	Afríka
austurrískur	Austurríki
bandarískur	Bandaríki
bolvískur	Bolungarvík
dóminískur	Dóminíka
grindvískur	Grindavík
grískur	Grikkir
húsvískur	Húsavík
jamaískur	Jamaíka
keflvískur	Keflavík
klínískur	klíník
kostarískur	Kostaríka
mósambískur	Mósambík
njarðvískur	Njarðvík
pólítískur	pólítík
reykvískur	Reykjavík

38

Athuga að ritað er eitt *g* í þátíðarmyndum sagnanna *leggja* og *hyggja* (vegna uppruna, sbr. lag og hugur).

ég lagði	þótt ég legði
þú lagðir	þótt þú legðir
hann lagði	þótt hann legði
við lögðum	þótt við legðum
þið lögðuð	þótt þið legðuð
þeir lögðu	þótt þeir legðu
er lagður	
hefur lagt	
ég hugði	þótt ég hygði
þú hugðir	þótt þú hygðir
hann hugði	þótt hann hygði
við hugðum	þótt við hygðum
þið hugðuð	þótt þið hygðuð
þeir hugðu	þótt þeir hygðu

Boðháttur þeirra er hins vegar ritaður með *gg*:

legg!	leggðu!	leggið þið!
hygg!	hyggðu!	hyggið þið!

39

Athuga rithátt eftirfarandi orða:

fyrir • kyrr • þurr • verr (athuga þó no. *ver*)fram • um • en (athuga þó *enn* í merkingunni *enn þá*)

40

Gæta þarf sérstaklega að rithætti ýmissa sagna.

auka	jók	jukum	aukið
ausa	jós	jusum	ausið
deyja	dó	dóum	dáið
draga	dró	drógum	dregið
finna	fann	fundum	fundið
flá	fló	flógum	flegið
fljúga	flaug	flugum	flogið
hlæja	hló	hlógum	hlegið
liggja	lá	lágum	legið
ljá	léði	léðum	léð
sjá	sá	sáum	séð
slá	sló	slógum	slegið
vega	vó	vógum	vegið
þiggja	þá	þágum	þegið
	eða		
þiggja	þáði	þáðum	þegið

auka	
auk! auktu! aukið þið!	
ég eyk	þótt ég auki
þú eykur	þótt þú aukir
hann eykur	þótt hann auki
við aukum	þótt við aukum
þið aukið	þótt þið aukið
þeir auka	þótt þeir auki
ég jók	þótt ég yki
þú jókst	þótt þú ykir
hann jók	þótt hann yki
við jukum	þótt við ykjum
þið jukuð	þótt þið ykjuð
þeir juku	þótt þeir ykju
aukandi hefur aukið	

ausa	
aus! austu! ausið þið!	
ég eys	þótt ég ausi
þú eyst	þótt þú ausir
hann eys	þótt hann ausi
við ausum	þótt við ausum
þið ausið	þótt þið ausið
þeir ausa	þótt þeir ausi
ég jós	þótt ég ysi
þú jóst	þótt þú ysir
hann jós	þótt hann ysi
við jusum	þótt við ysum
þið jusuð	þótt þið ysuð
þeir jusu	þótt þeir ysu
ausandi hefur ausið	

deyja	
dey! deyðu! deyið þið!	
ég dey	þótt ég deyi
þú deyrð	þótt þú deyrir
hann deyr	þótt hann deyi
við deyjum	þótt við deyjum
þið deyið	þótt þið deyið
þeir deyja	þótt þeir deyi
ég dó	þótt ég dæi
þú dóst	þótt þú dæir
hann dó	þótt hann dæi
við dóum	þótt við dæjum
þið dóuð	þótt þið dæjuð
þeir dóu	þótt þeir dæju
deyjandi hefur dáið	

draga	
drag! dragðu! dragið þið!	
ég dreg	þótt ég dragi
þú dregur	þótt þú dragir
hann dregur	þótt hann dragi
við drögum	þótt við drögum
þið dragið	þótt þið dragið
þeir draga	þótt þeir dragi
ég dró	þótt ég drægi
þú dróst	þótt þú drægir
hann dró	þótt hann drægi
við drögum	þótt við drægjum
þið dróguð	þótt þið drægjuð
þeir drógu	þótt þeir drægju
dragandi hefur dregið	

finna	
finn! finndu! finnið þið!	
ég finn	þótt ég finni
þú finnur	þótt þú finnir
hann finnur	þótt hann finni
við finnum	þótt við finnum
þið finnið	þótt þið finnið
þeir finna	þótt þeir finni
ég fann	þótt ég fyndi
þú fannst	þótt þú fyndir
hann fann	þótt hann fyndi
við fundum	þótt við fyndum
þið funduð	þótt þið fynduð
þeir fundu	þótt þeir fyndu
finnandi hefur fundið	

flá	
flá! fláðu! fláið þið!	
ég flæ	þótt ég flái
þú flærð	þótt þú fláir
hann flær	þótt hann flái
við fláum	þótt við fláum
þið fláið	þótt þið fláið
þeir flá	þótt þeir flái
ég fló	þótt ég flægi
þú flóst	þótt þú flægir
hann fló	þótt hann flægi
við flógum	þótt við flægjum
þið flóguð	þótt þið flægjuð
þeir flógu	þótt þeir flægju
fláandi hefur flegið	

fljúga	
fljúg! fljúgðu! fljúgið þið!	
ég flýg þú flýgur hann flýgur við fljúgum þið fljúgið þeir fljúga	þótt ég fljúgi þótt þú fljúgir þótt hann fljúgi þótt við fljúgum þótt þið fljúgið þótt þeir fljúgi
ég flaug þú flaugst hann flaug við flugum þið fluguð þeir flugu	þótt ég flygi þótt þú flygir þótt hann flygi þótt við flygjum þótt þið flygjuð þótt þeir flygju
fljúgandi hefur flogið	

hlæja	
hlæ! hlæðu!	hlæið þið!
ég hlæ þú hlærð hann hlær við hlæjum þið hlæið þeir hlæja	þótt ég hlæi þótt þú hlærir þótt hann hlæi þótt við hlæjum þótt þið hlæið þótt þeir hlæi
ég hló þú hlóst hann hló við hlógum þið hlóguð þeir hlógu	þótt ég hlægi þótt þú hlægir þótt hann hlægi þótt við hlægjum þótt þið hlægjuð þótt þeir hlægju
hlæjandi hefur hlegið	

liggja	
ligg! liggðu! liggjið þið!	
ég ligg þú liggur hann liggur við liggjum þið liggjið þeir liggja	þótt ég liggji þótt þú liggir þótt hann liggji þótt við liggjum þótt þið liggjið þótt þeir liggji
ég lá þú lást hann lá við lágum þið lágðuð þeir lágðu	þótt ég lægi þótt þú lægir þótt hann lægi þótt við lægjum þótt þið lægjuð þótt þeir lægju
liggjandi hefur legið	

ljá	
ljá! ljáðu! ljáið þið!	
ég ljæ þú ljærð hann ljær við ljáum þið ljáið þeir ljá	þótt ég ljái þótt þú ljáir þótt hann ljái þótt við ljáum þótt þið ljáið þótt þeir ljái
ég léði þú léðir hann léði við léðum þið léðuð þeir léðu	þótt ég léði þótt þú léðir þótt hann léði þótt við léðum þótt þið léðuð þótt þeir léðu
ljáandi hefur léð	

sjá	
sjá! sjáðu! sjáið þið!	
ég sé þú sérð hann sér við sjáum þið sjáið þeir sjá	þótt ég sjái þótt þú sjáir þótt hann sjái þótt við sjáum þótt þið sjáið þótt þeir sjái
ég sá þú sást hann sá við sáum þið sáuð þeir sáu	þótt ég sæi þótt þú sæir þótt hann sæi þótt við sæjum þótt þið sæjuð þótt þeir sæju
sjáandi hefur séð	

slá	
slá! sláðu! sláið þið!	
ég slæ þú slærð hann slær við sláum þið sláið þeir slá	þótt ég slái þótt þú sláir þótt hann slái þótt við sláum þótt þið sláið þótt þeir slái
ég sló þú slóst hann sló við slógum þið slóguð þeir slógu	þótt ég slægi þótt þú slægir þótt hann slægi þótt við slægjum þótt þið slægjuð þótt þeir slægju
sláandi hefur slegið	

vega	
veg! vegðu! vegið þið!	
ég veg þú vegur hann vegur við vegum þið vegið þeir vegu	þótt ég vegi þótt þú vegir þótt hann vegi þótt við vegum þótt þið vegið þótt þeir vegi
ég vó þú vóst hann vó við vógum þið vóguð þeir vógu	þótt ég vægi þótt þú vægir þótt hann vægi þótt við vægjum þótt þið vægjuð þótt þeir vægju
vegandi hefur vegið	

þiggja		
þigg! þiggðu! þiggjið þið!		
ég þigg þú þiggur hann þiggur við þiggjum þið þiggjið þeir þiggja	þótt ég þiggi þótt þú þiggir þótt hann þiggi þótt við þiggjum þótt þið þiggjið þótt þeir þiggi	
ég þáði þú þáðir hann þáði við þáðum þið þáðuð þeir þáðu	ég þá þú þást hann þá við þágum þið þáguð þeir þágu	þótt ég þægi þótt þú þægir þótt hann þægi þótt við þægjum þótt þið þægjuð þótt þeir þægju
þiggjandi hefur þegið		

IV. UM N OG NN

41

Lausi greinirinn:

hinn	hin	hið
hinn	hina	hið
hinum	hinni	hinu
hins	hinnar	hins
hinir	hinar	hin
hina	hinar	hin
hinum	hinum	hinum
hinna	hinna	hinna

42

Í nafnorðum með viðskæptum greini er ritað *n* eða *nn* í samræmi við beygingu lausa greinisins, sjá lið 41.

hesturinn	hænan	lambið
hestinn	hænuna	lambið
hestinum	hænunni	lambinu
hestsins	hæunnar	lambsins
hestarnir	hænumar	lömbin
hestana	hænumar	lömbin
hestunum	hænunum	lömbunum
hestanna	hænanna	lambanna

43

Karlkynsorð, sem án greinis enda á *-ann*, *-inn* eða *-unn*, eru rituð með *nn* í nefnifalli eintölu en annars með *n*. Þetta hefur ekki áhrif á rithátt greinisins.

aftann	aftanninn
aftan	aftaninn
aftni	aftninum
aftans	aftansins
aftnar	aftnarnir
aftna	aftnana
öftnum	öftnunum
aftna	aftnanna

arinn	arinninn
arin	arininn
arni	arninum
arins	arinsins
arnar	arnarnir
arna	arnana
örnum	örnunum
arna	arnanna

drottinn	drottinninn
drottin	drottinninn
drottni	drottninum
drottins	drottinsins
drottnar	drottnarnir
drottna	drottnana
drottnum	drottnunum
drottna	drottnanna

himinn	himinninn
himin	himininn
himni	himninum
himins	himinsins
himnar	himnarnir
himna	himnana
himnum	himnunum
himna	himnanna

jötunn	jötunninn
jötun	jötuninn
jötni	jötninum
jötuns	jötunsins
jötunar	jötunarnir
jötuna	jötunana
jötnum	jötnunum
jötna	jötanna

morgunn	morgunninn
morgun	morguninn
morgni	morgninum
morguns	morgunsins
morgnar	morgnarnir
morgna	morgnana
morgnum	morgnunum
morgna	morgnanna

Auðunn / Auðun Auðun Auðuni Auðuns eða Auðunar	Héðinn Héðin Héðni Héðins	Huginn Hugin Hugin Hugins	Kristinn Kristin Kristni Kristins	Muninn Munin Munin Munins
Óðinn Óðin Óðni Óðins	Reginn Regin Regin Regins	Skarphéðinn Skarphéðin Skarphéðni Skarphéðins	Þórarinn Þórarin Þórarni Þórarins	Þráinn Þráin Þráni Þráins

44

Athuga nöfn sem enda á *-an*:

Bjólán • Kamban • Kiljan • Kjaran • Kjartan • Kvaran • Natan • Satan

45

Kvenkynsorð með *-un* eða *-an* hafa eitt *n*. Athuga þó lið 46.

angan • áætlun • blessun • bölvun • Gefjun • hugsun • ilman •
pöntun • skemmtun • skipan • skipun • skoðun o.m.fl.

skoðun	skoðunin
skoðun	skoðunina
skoðun	skoðuninni
skoðunar	skoðunarinnar
skoðanir	skoðanirnar
skoðanir	skoðanirnar
skoðunum	skoðununum
skoðana	skoðananna

46

Reglan í lið 45 um *-un* og *-an* í kvenkynsorðum á ekki við um þessi orð:

einkunn • forkunn • miskunn • vorkunn

Reglan á ekki heldur við um nöfn sem eru mynduð af *unnur*.

Gunnþórunn • lðunn • Ingunn • Jórunn • Ljótunn • Steinunn • Sæunn • Þórunn

47

Hvorugkynsorð með *-an* eða *-in* hafa eitt *n*.

fargan • feðgin • gaman • líkan • megin • mæðgin o.fl.

48

Lýsingarorð og lýsingarhættir með viðskeytinu *-in-* hafa ýmist *nn* eða *n* eftir sömu reglu og greinir nafnorða, sjá lið 41.

fyndinn	fyndin	fyndið	bundinn	bundin	bundið
fyndinn	fyndna	fyndið	bundinn	bundna	bundið
fyndnum	fyndinni	fyndnu	bundnum	bundinni	bundnu
fyndins	fyndinnar	fyndins	bundins	bundinnar	bundins
fyndnir	fyndnar	fyndin	bundnir	bundnar	bundin
fyndna	fyndnar	fyndin	bundna	bundnar	bundin
fyndnum	fyndnum	fyndnum	bundnum	bundnum	bundnum
fyndinna	fyndinna	fyndinna	bundinna	bundinna	bundinna

49

Önnur lýsingarorð, sem og fornöfn, eru rituð með *-an* í þolfalli, eintölu, karlkyni.

góðan • nýjan • rauðan • ríkan • stóran o.m.fl.

annan • þennan

50

Athuga orðin *lítill* og *mikill* með *-inn* í þf. et. kk.

lítill
lítinn
litlum
lítils

mikill
mikinn
miklum
mikils

51

Atviksorð með *-an* hafa eitt *n*.

aftan • austan • áðan • framan • gjarnan • handan • héðan • hvaðan • innan • jafnan • jafnharðan • meðan • neðan • norðan • ofan • saman • síðan • sjaldan • sunnan • undan • utan • vestan • þaðan

V. UM J

52

Á eftir *g* og *k* er ekki ritað *j* ef á eftir fer *e*, *ei*, *ey*, *i*, *í*, *y*, *ý* eða *æ*.

fangelsi • geispa • geta • geyma • gista • Gísli • gylling • gýs • gæta • keyra • kíló • kæfa • reykelsi

hangi (hanga) • hringir (hringja) • spryngi (springa) • syngið (syngja)

Undantekning eru nafnorð með *-jandi* sem hafa *-jendur* í fleirtölu, sbr. lið 56.

fylgjendur • leigjendur • sækjendur • þiggjendur

53

Á eftir *ey*, *y* eða *æ* er ritað *j* ef *a* eða *u* fer á eftir. Athuga þó lið 54.

Ritað er:	en hins vegar:
bæja, bæjum	bæir
heyja, heyjum	heyið
hlæja, hlæjum	hlæið
nýjan, nýjum	nýir

54

Þegar fyrri hluti samsetts orðs endar á *ey*, *y* eða *æ* og síðari hlutinn hefst á sérhljóða skal ekki rita *j* á milli orðhluta.

heyafli • heyannir • nýafstaðinn • nýársdagur • nýorpinn • Sæunn

Undantekning er nafnið *Eyjólfur* sem er ritað með *j* þrátt fyrir regluna.

VI. UM JE, E, É

55

Í upphafi sérnafna og samnafna af erlendum uppruna er ritað *je*.

Jens • jeppi • Jeremía • Jeríkó • Jerúsalem • Jesaja • jesúíti • Jesús

56

Nafnorð með *-jandi* hafa í fleirtölu *-jendur*.

byrjandi	byrjendur
fjandi	fjendur
leigjandi	leigjendur
seljandi	seljendur
sækjandi	sækjendur
verjandi	verjendur
viðhlæjandi	viðhlæjendur
þiggjandi	þiggjendur

Athuga til samanburðar:

leikandi	leikendur
eigandi	eigendur

57

Í þátíð eftirfarandi sagna er ritað *e*:

gróa	greri
núa	neri
róa	reri
snúa	sneri

VII. UM F OG V

58

Meginreglan er sú að *v* sé aðeins ritað næst framan við sérhljóða í fyrsta atkvæði orða og orðhluta (*vera, því, hvar, alvara, tálvon, gráthviða* o.s.frv.) en *v* getur einnig staðið í viðskeytum orða og víðar í samræmi við uppruna eða hefð í ýmsum orðum.

atgervi • Böðvar • bölvu • bölvun • Eva • fjörvi • frjóvga • frjóvgun • fræva • frævill • frævun • fölskvi • fölvi • gervi • -gervill • gerviefni • gjörvi • glöggva • Hávar • Hlöðver • hrökkva • hvaðanæva • höggva • Ingvar • Ingvi • Ívar • klökkvi • mjölvi • myrkva • myrkvi • myrkvun • mölva • möskvi • njörva • Njörvi • nökkvi • Nökkvi • ofurölvi • rökkva • Röskva • rövl • rövla • Salvar • salvi • -sjáva • skrökva • sljóvga • slæva • slökkva • slökkvari • slöngva • -snævi • stöðva • stöðvun • stökkva • Sævar • -sævi • sökkva • Sölvi • söngvar • söngvinn • sörvi • Tryggvi • tvisvar • tölva • uppgötva • uppgötvun • vöðvi • vökva • vökvi • vökvun • völva • Yngvi • þrisvar • þröngva • þröngvun • æva- • ævagamall • Ævar • ævareiður • ævi • ævinlega • ævintýri • ævisaga • ölvaður • ölvun • örva • örvun

Athuga orðin *auðæfi* og *öræfi* með *f*.

59

Athuga að *v* getur birst í sumum beygingarmyndum nokkurra orða.

sjávar (sjár)
snævi snævar (snær)
stöðvar stöðvum stöðva (stöð)
sævi sævar (sær)
sölvum sölvu (söl)
söngvar söngvum söngva (söngur)
örvar örvum örva (ör)

60 Valfrjálst er hvort ritað er *v* eða *f* í eftirfarandi orðum:

Elva	Elfa
Elvar	Elfar
jörvi	jörfi
Jörvi	Jörfi
mávur	máfur
Svava	Svafa
Svavar	Svafar

Í mannanöfnum er nauðsynlegt að gæta að þeim rithætti sem nafnberar viðhafa sjálfir.

61 Orð með *fl* á eftir sérhljóða eru vanalega borin fram með *bl* (efla, kefla, tefla, sbr. lið 27). Þó ber að athuga að til eru orð með ritháttinn *bl*:

babl • babla • Biblía • dobl • dobla • mubla • obláta • rúblá

VIII. UM HV OG KV

62 Athuga samhljóma orð með *hv* og *kv*. Dæmi:

hvalir (dýrategund)	kvalir (prautilir)
hvelja (húð)	kvelja (pína)
hver (uppspretta)	kver (lítil bók)
hviða (roka)	kviða (kvæði)
hvika (hörfa, hopa)	kvika (so. hreyfast, no. hold)
hvísl (hljóðskraf)	kvísl (grein)

63 Fornöfn og spurnarorð eru ætíð rituð með *hv*.

hvað • hvaða • hvaðan • hvar • hvenær • hver • hvernig • hversu • hví • hvílíkur • hvor • hvort

IX. UM NG OG NK

64 Á undan *ng* og *nk* er ritað *a*, *e*, *i*, *y*, *u* og *ö* þótt borið sé fram *á*, *ei*, *í*, *ú* og *au*.

hanga	banki
lengi	skenkja
glingur	minkur
lunga	aðjunkt
lyng	dynkur
spöng	hönk

Aðrir stafir á undan *ng* og *nk* eru ritaðir í samræmi við framburð.

héngu
kónguló, tjónka
vængur, grænka
bongótromma

65

Uppruni orðs ræður rithætti þegar $n+g$ og $n+k$ lenda á samskeytum milli orðliða eða milli rótar og viðskeytis.

raungóður • rángirni • síngirni • steinkista • túngarður

brúnka • jánka • kveinka • sínkur

minnka • Ranka

X. UM R OG RR

66

Athuga rithátt eftirfarandi fornafna:

þessara
þessari
þessarar

annarra • nokkurra
annarri • nokkurri
annarrar • nokkurrar

67

Sérstaka gát skal hafa við ritun samsettra orða.

fæðingarheimili	aðfaraorð
íbúðarhúsnæði	reykingabann
lánardrottinn	setningafræði
viðgerðarþjónusta	veganesti

XI. UM SS OG SSS

68

Ef stofn fyrri liðar í samsettu orði endar á s og eignarfallsending liðarins er eða getur verið s er valfrjálst hvort liðurinn er ritaður með s eða ss í samsetningunni en fara verður að hefð sem hefur skapast í nöfnum af ýmsu tagi. Ef stofn fyrri liðar endar á ss verður að rita sss þegar síðari liður hefst á s.

eldhúsborð – eldhússborð
eldhússkápur – eldhússskápur

Árneshreppur • Árnessýsla • Magnúsdóttir • Reykjanesskagi • Vigfússon

hasssali • krosssaumur

XII. EITT ORÐ EÐA FLEIRI

69

Meginreglan er sú að orð, sem myndað er úr tveimur eða fleiri orðum eða orðhlutum, sé ritað í einu lagi. Reglan er ekki alveg einhlít og í liðum 70-82 hér á eftir er vikið að ýmsu sem gæta verður að í þessu sambandi. Heimilt er að rita bandstrik milli orðliða í sumum tilvikum, sbr. lið 71 og XIII. kafla.

aðalinngangur • aðeins • aðferð • aðskilja • afbragðsmaður • afsanna • aftakaveður • aftanákeyrsla • aftanívagn • aldrei • algóður • allgóður • allsendis • alltaf • alþjóðasamtök • andstæðingur • atferli • athyglisverður • auðsveipur • auðsugestur • áburður • áðurnefndur • ágætismaður • ávallt • Bláalónshlaupið • blæjalogn • brúðgumi • dúndurhress • efnagreina • eftirlætisréttur • einskismannsland • endurúthluta • farartæki • fimmtungsaúkning • fjöldamargir • forkunnarfagur • formaður • framámaður • framhjáhald • framícall • framkoma • frammistaða • framúrakstur • framvegis • fráfarur • frumstæður • fullmikill • furðugóður • fylgihnöttur • fyrirframgreiðsla • fyrirmyndarfjölskyldufaðir • fyrirskipun • gagnstæður • gegndrepa • gegnum • gerbreyta • gjörbreyta • glaðlyndur • hálfársdvöl • hálfundarlegur • hálfvegis • heildaratkvæðagreiðsla • heildarfjöldi • heilsdagsvistun • helgarátak • helmingsafsláttur • helmingsseigandi • hjáseta • hlutafé • hæglætismaður • innantökur • innihalda • innivera • innlendur • innskráningargluggi • íhuga • jafnlyndur • jafnvel • jafnvægi • jarðhús • kaldastríðsástand • kaldavatnskrani • kringum • langatöng • langavitleysa • langstærstur • langtímaskuldir • langtum • mánaðarfyrirvari • máttvana • meðmæli • meginágreiningur • meginland • meginregla • mettap • Miklabraut • misbjóða • misheppnaður • mótdrægur • myndardrengur • nettóhækkun • núllkostur • nútímatækni • nútímaumhverfishugsun • nýkominn • nýtískufatnaður • óhemjuvandaður • ósannindi • óskapahiti • óvenjugóður • óparfaáhyggjur • radíóneyðarbauja • ráðuneyti • roknagóður • rösklega • salsatónlist • samstanda • samskeyti • sérframboð • síðastliðinn • sífelldur • skrælpurr • smáibúð • strangvísindalegur • stundarvandráði • tilburðir • torlæs • umboð • umhverfis • undanfari • undragóður • uppáhald • uppástunga • uppátektarsamur • uppgjöf • uppiskroppa • uppgreiðsla • utanumhald • úrvalshveiti • útafakstur • útásetning • útbyrðis • útför • útilega • vandvirkur • vanmegnugur • vanvirða • viðkoma • viðkvæmur • viðurlög • vikufyrirvari • vinsæll • yfirmaður • öndverður • örbylgjuskyndiréttur • örmagna

70

Atviksliðir og samtengingar eru stundum fleiri en eitt orð og er hvert þeirra ritað út af fyrir sig.

af því að • aftur í • á meðal • á milli • baka til • eins og • enda þótt • enn fremur • enn þá • fram hjá • fyrir fram • hér með • inn í • með fram • norðan til • suður í • sunnan til • sunnan við • til þess að • úr því að • út af • út frá • út undan • yfir um • þar eð • þar sem • þó að • því að

Frá þessu eru tvær undantekningar:

áfram • umfram

Athuga einnig orðin:

í gegnum • í kringum

71

Þegar *jafn* jafngildir *eins* er heimilt að rita *jafn* laust frá atviksorðum og lýsingarorðum.

Hann hefur aldrei verið jafn góður og núna.
Jóna fór jafn oft til Akureyrar og Jón.

Einnig má rita *jafngóður*, *jafnoft* o.s.frv. skv. meginreglunni í lið 69 og *jafn-góður*, *jafn-of* o.s.frv. skv. lið 91.

72

Orðin *afar*, *of* og *ofur* skal rita áföst nafnorðum og sagnorðum en laus frá lýsingarorðum og atviksorðum:

afarkostir	afar vel, afar stór
offramleiðsla, ofnota	of oft, of lítill
ofurmenni	ofur glaðlega, ofur einfaldur

73

Atviksorð eða forliður og lýsingarháttur sagnar getur orðið að lýsingarorði sem er ritað í einu lagi, skv. meginreglunni í lið 69.

áðurgreindur • áðurnefndur • eftirágreiddur • eftirfarandi • eftirfylgjandi • eftirkomandi • eftirlifandi • framanritaður • framansagður • framkominn • framúrskarandi • fullunninn • fyrirframákveðinn • fyrrgreindur • fyrrnefndur • fyrirtalinn • heittelskaður • innilokaður • niðursokkinn • núgildandi • næstkomandi • næstliðinn • ofandottinn • ofangreindur • ofanefndur • ofantalinn • óviðkomandi • samansaumaður • síðastliðinn • skjótafgreiddur • sundurgrafinn • svofelldur • svohljóðandi • svokallaður • svolítil • svonefndur • tilsettur • undanfarandi • undanfarinn • uppáfallandi • uppáklæddur • uppiliggjandi • uppistandandi • uppstoppaður • utanaðkomandi • utanaðsteðjandi • utanáliggjandi • úrsérgenginn • útaf-
liggjandi • útúrdrukkinn • yfirstandandi • þágildandi

Ýmis dæmi eru þó um að slíkt verði ekki ein heild.

áður afskrifað • vel greiddur • vel syndur • þar að lútandi • þar af leiðandi • þar til hæfur

Mismunandi merking og áhersla getur kallað á mismunandi rithátt í sumum tilvikum.

Hafranssóknaskipið Árni Friðriksson er **svo nefnt** því að við vildum heiðra minningu hins þekktu fiskifræðings og frumkvöðuls í hafransóknum. – Í skipinu er **svonefndur** fellikjölur sem hægt er að slaka nokkra metra niður úr botni skipsins.

Jón var svo **heitt elskaður** af sinni **heittelskuðu** eiginkonu að hún gat ekki án hans verið.

74

Að jafnaði eru orðasambönd með töluorðum rituð í aðskildum orðum.

eins hreyfils flugvél • eitt hundrað þrjátíu og sjö • fimm þúsund króna seðill • fyrsta maí ganga • níttjándu aldar skáld • sautjándi júní hátíðarhöld • tólf spora kerfi • tuttugu og tveir • tveggja flokka fyrirkomulag • tvö þúsund þrjú hundruð fimmtíu og níu • sjötugasti og annar • tvö þúsund fjögur hundruð sextugasti og fyrsti

Einstaka sinnum renna þó töluorð og nafnorð í eignarfalli í eina heild með eftirfarandi nafnorði. Slíkur ritháttur verður að styðjast við hefð.

átjánbarnafaðir • fimmaurabrandari • fjórðapartsnóta • sjöviknafasta • þúsundþjalasmiður

75

Samkvæmt hefð eru heiti íslenskra fornsagna rituð í aðskildum orðum.

Bárðar saga • Brennu-Njáls saga • Egils saga Skalla-Grímssonar • Ögmundar þáttur dytts

76

Í dæmum á borð við þau sem hér fara á eftir er um að ræða orðasambönd fremur en samsett orð og því eru þau rituð í tveimur orðum.

alls konar • alls kostar • alls kyns • alls staðar • annars staðar • annars vegar • einhverju sinni • einhvern tíma(nn) • einhvern veginn • einhvers konar • einhvers staðar • eins konar • einu sinni • eitt sinn • engan veginn • hins vegar • hverju sinni • hvers konar • hvers kyns • hvers vegna • lítils háttar • margs konar • margs kyns • meiri háttar • mikils háttar • minni háttar • nokkru sinni • nokkurn tíma(nn) • nokkurn veginn • nokkurs konar • nokkurs staðar • sams konar • sums staðar • tvenns konar • ýmiss konar • þess háttar • þess kyns • þess vegna

Sambönd með *konar* eða *kyns* má þó rita sem eina heild en fremur er mælt með rithætti í tveimur orðum

alls kyns	allskyns
eins konar	einskonar

Í stað orðasambandanna *alls staðar*, *sums staðar* er heimilt að rita *alstaðar*, *sumstaðar* en fremur er mælt með rithætti í tveimur orðum.

alls staðar	alstaðar
sums staðar	sumstaðar

Athuga orðasambönd með fornöfnum:

hvor tveggja
hvortveggi
hvorutveggja

annar hvor
annar hver
annar tveggja

Þangað fór önnur hvor systranna, Jóna eða Linda. Þangað fór annað hvort barnanna, Sigga eða Jón.

77

Orðið *annaðhvort* er ritað í einu lagi sem hluti samtengingarinnar *annaðhvort ... eða*.

Þangað fór annaðhvort Jóna eða Linda.

78

Orðið *megin* er ritað áfast undanfarandi nafnorði ef nafnorðið er samnafn án greinis.

aðaldyramegin • bakborðsmegin • bakdyramegin • bílstjóramegin • brekkumegin • farþegamegin • gjaldamegin • hlémegin • sjávarmegin • sólarmegin
--

Annars er orðið *megin* ritað laust frá undanfarandi orði.

austan megin • barnanna megin • beggja megin • Gunnars megin • hans megin • hennar megin • hérna megin • hægra megin • Jóns Sigurðssonar megin • mannsins megin • mín megin • norðan megin • okkar megin • réttum megin • sín megin • stjórnarinnar megin • Suðurgötu megin • sunnan megin • vestan megin • vinstra megin • ykkar megin • þarna megin • þeim megin • þeirra megin • þín megin • Þýskalands megin
--

Ef næst framan við *megin* er fornafn með *-um* er heimilt að slá orðunum saman þrátt fyrir fyrrnefnda reglu.

báðum megin	báðumegin
hinum megin	hinumegin
hvorugum megin	hvorugumegin
hvorum megin	hvorumegin
sömum megin	sömumegin
öðrum hvorum megin	öðruhvorumegin
öðrum megin	öðrumegin

79

Valfrjálst er hvort orð eða orðasamband með fyrri lið í þágufalli, á borð við *vitiborinn*, eru rituð í einu eða tveimur orðum.

fjöðrum fenginn	fjöðrumfenginn
goðum líkur	goðumlíkur
sigri hrósandi	sigrihrósandi
viti borinn	vitiborinn

Þegar valið er milli ritháttarins *viti borinn* o.s.frv. og *vitiborinn* o.s.frv. er mælt með því að áhersla fái að ráða; sé skýr áhersla á síðari lið er mælt með rithætti í tveimur orðum.

80

Valfrjálst er hvort ritað er *allt of* eða *alltof*, *smám saman* eða *smámsaman*, *öðru hverju* eða *öðruhverju*, *öðru hvoru* eða *öðruhvorum*.

allt of	alltof
smám saman	smámsaman
öðru hverju	öðruhverju
öðru hvoru	öðruhvorum

Fremur er mælt með rithætti í tveimur orðum.

81

Valfrjálst er hvort nokkur orð eða orðasambönd með atviksorði og nafnorði í eignarfalli eru rituð í einu eða tveimur orðum. Ef orðasambandið er hluti af frekari samsetningu er hún ávallt rituð sem ein heild.

innan bæjar	innanbæjar	innanbæjarmaður
innan lands	innanlands	innanlandsflug
neðan jarðar	neðanjarðar	neðanjarðarlest
utan borðs	utanborðs	utanborðsmótor
utan húss	utanhúss	utanhússmálning
utan skóla	utanskóla	utanskólanemandi

Þegar valið er milli ritháttarins *innan bæjar* o.s.frv. og *innanbæjar* o.s.frv. er mælt með því að áhersla fái að ráða; sé skýr áhersla á síðari lið er mælt með rithætti í tveimur orðum.

82

Ekki er alltaf greinilegt hvenær orðasamband hefur runnið saman í eina heild. Ef orðið eða orðasambandið verður hluti lengri samsettra orða eru þau rituð sem ein heild.

orðasamband	eitt orð	sem hluti lengri orða
Gamla testamentið	Gamlatestamentið	Gamlatestamentisspámaður
heiðinn dómur	heiðindómur	
hægri flokkur	hægri flokkur	hægri flokkastjórn
hægri fótur	hægri fótur	hægri fótaskálfur
hægri menn	hægri menn	
hægri stjórn	hægri stjórn	
kristin fræði	kristinfræði	kristinfræðikennari
kristinn dómur	kristindómur	kristindómsfræðsla
litli fingur	litli fingur	litlafingursnögl
meiri hluti	meiri hluti	meiri hlutastjórn
mikli hvellur	mikli hvellur	miklahvellskeningin
æðsti prestur	æðsti prestur	æðstapreststíð

Þegar valið er milli ritháttarins *Gamla testamentið* o.s.frv. og *Gamlatestamentið* o.s.frv. er mælt með því að áhersla fái að ráða; sé skýr áhersla á síðari lið er mælt með rithætti í tveimur orðum.

XIII. BANDSTRIK

Bandstrik er notað í margs konar tilvikum, sjá hér á eftir. Athuga að hvorki er haft stafbil fyrir framan né aftan bandstrik.

83

Bandstrik er notað milli orðliða í ornefnum o.fl. heitum þar sem síðari liður er sérnafn.

Austur-Indíur • Hvíta-Rússland • Innri-Mongólía • Mið-Evrópa • Miklabæjar-Solveig • Norður-Íshaf • Nýja-Sjáland • Syðri-Grund • Víga-Glúmur • Ytri-Mælifellsá

84

Bandstrik má nota í ýmsum lýsingarorðum sem eru samsett af tveimur eða fleiri liðum.

býsk-franskur • grísk-katólskur • dansk-norsk-sænskur

85

Bandstrik má nota í samtengdum fyrirtækjaheitum.

Landflutningar-Samskip • Sjóvá-Almennar

86

Bandstrik má nota milli tölustafa þegar svo ber undir.

Ég verð erlendis í 3-4 ár.
Hún var formaður 1978-1983.
Námskeiðið verður haldið dagana 3.-6. júlí.

87

Bandstrik er stundum notað í stað orðliða í orðasamböndum til að komast hjá endurtekningu.

tösku- og hanskaframleiðsla • töskuframleiðsla og -sala • framsóknar-/sjálfstæðismenn

88

Bandstrik er notað í samsettum og afleiddum orðum þar sem fyrri liðir eru tölur, tákn eða skammstafanir af einhverju tagi.

a-liður • fob-verð • 13-menningarnir • KFUM-maður • 1,5%-reglan • x-ás • KR-ingur • BA-próf • OECD-skýrslan • B-hluti • B-hlutastofnun • 68-kynslóðin • í n-ta veldi

89

Mælt er með því að nota bandstrik í samsettum orðum þar sem erlent sérnafn er fyrri liður ef ritháttur þess samræmist ekki ritvenju í íslenskum orðum.

Bernoulli-lögmál • Boeing-þota • Chicago-búar • Gaza-svæðið • Mitsubishi-umboðið • Nairobi-samkomulag • Washington-fundurinn

Athuga til samanburðar:

Góbieyðimörkin • Rómarsáttmáli • Jerúsalemsamkomulag • Kaírófundurinn • Ríóferlið

90

Ef fyrri liður í samsetningu er erlent heiti (eða skammstöfun) í tveimur eða fleiri orðum er síðari hluti samsetningarinnar tengdur við fyrri hlutann með bandstriki.

fyrri liður	samsetning
Boeing 747	Boeing 747-flugvél
Jan Mayen	Jan Mayen-svæðið
New York	New York-ríki
New York	New York-búar
Tel Avív	Tel Avív-háskóli
Rocky IV	Rocky IV-myndin
Hong Kong	Hong Kong-menn
dr. phil.	dr. phil.-ritgerð
cand. mag.	cand. mag.-próf
Hatton-Rockall	Hatton-Rockall-svæðið
F-15	F-15-þota

91

Heimilt er að nota bandstrik til að tengja forliðina *all-*, *hálf-*, *jafn-* og *lang-* við næsta orðlið.

all-óhugnanlegur	jafn-áferðarfallegur
hálf-utan við sig	lang-frambærilegastur

92

Heimilt er að nota bandstrik til að tengja eignarfallslíði, sem auka vægi merkingar, við næsta orðlið.

afbragðs-afleysingamaður • grundvallar-misskilningur

93

Bandstrik er sett þegar orðum er skipt milli lína.

Samsettum og afleiddum orðum er skipt á mótum orðhluta. Ósamsettum orðum og orðliðum er skipt þannig að síðari hlutinn hefjist á sérhljóði viðskeytis, beygingarendingar eða greinis.

Síðari hlutinn má þó ekki vera aðeins einn stafur og á sú regla einnig við þegar slík orð eru fyrri liður í samsetningum.

(Skiptingarnar *karf-a, *körf-ubolti, *rek-a, *rek-istefna o.s.frv. eru því óheimilar.)

borðdúk- ur	borð- dúkur	bún- aður	dýraverndunarfé- lag	dýraverndunar- félag	
dýraverndun- arfélag	dýravernd- unarfélag	dýra- verndunarfélag	gatna- mót	list- rænn	
manns- ins	sannleik- ur	sann- leikur	skipan- anna	skip- ananna	skip- un
skip- ana	strák- lingur				

Ýmsum tökuorðum má þó skipta þannig að síðari hlutinn hefjist á samhljóða.

abba- dís	apó- tek	kakka- lakki	krókó- díll
--------------	-------------	-----------------	----------------

XIV. STRIK

94

Strik má nota til að afmarka ýmis innskot eða viðauka. Ræður stíll og merking hvort valin eru strik fremur en kommur eða svigar í hverju tilviki. Ávallt er haft bil framan og aftan við strik.

Á Íslandi – og hvergi nema á Íslandi – er þetta náttúruyfyrirbæri að finna.
Mér líkaði vel við hann – oftast.

XV. PUNKTUR

95

Punktur er settur á eftir málsgreinum og ígildum þeirra nema þar komi komma, semikomma, spurningamerki, tvípunktur, upphrópunamerki eða úrfellingarpunktur.

Ég geng alltaf í vinnuna.
Réttu mér bollann.
Jón hafði ekki hugmynd um hvort hún hefði komið.
Mörður hét maður er kallaður var gígja. Hann var sonur Sighvats hins rauða.
Hann bjó á Velli á Rangárvöllum.
Fyrirtækið sérhæfir sig í að merkja handklæði og peysur. Einnig húfur.
Fór í vinnuna. Ekkert sérstakt gerðist. Helgi hringdi eftir kvöldmat.

Ég geng alltaf í vinnuna, ég á ekki bíl.
Ég geng alltaf í vinnuna; ég á ekki bíl.
Gengur þú alltaf í vinnuna? Já.
Eftirtaldir tóku til máls:
Réttu mér bollann!
Jón hafði ekki hugmynd ...

96

Ef málsgreinar eða málsgreinarígildi eru titlar eða fyrirsagnir er punkti sleppt.

Vonskuveður á Vestfjörðum
Offramleiðsla ógnar afkomu
Adda lærir að synda

97

Punktur er settur á eftir raðtölustaf nema við skástrik.

Guðrún er í 2. bekk.
Á 16. blaðsíðu hefst 3. kafli.
Á XVI. blaðsíðu hefst III. kafli.
Hann fæddist 19. febrúar.
Hann verður fjarverandi 6., 7., 8. og 9. mánuð ársins.
Ætli Kristján X. og Hinrik VIII. hafi verið skyldir?

5/6 (fimm sjöttu eða fimmti sjötti)

98

Punktur er að jafnaði notaður í skammstöfunum. Meginreglan er sú að nota einn punkt fyrir hvert skammstafað orð.

a.m.k. (að minnsta kosti)
o.fl. (og fleiri)
t.d. (til dæmis)
hr. (herra)
ehf. (einkahlutafélag)
ath. (athuga)
sl. (sleppa; síðastliðinn)
nk. (næstkomandi)
n.k. (nokkurs konar)
m.a.s. (meira að segja)
b.t. (berist til)
o.s.frv. (og svo framvegis)

Athuga að stafbil eru nauðsynleg í skammstöfuninni *þ. á m.* (þar á meðal) því að *á* er ekki skammstafað orð.

Ekki er haft stafbil milli tveggja skammstafaðra orða nema aftan við skammstöfun sem er tveir eða fleiri stafir og milli tveggja skammstafana sem hvor um sig er sjálfstæð eining.

f.Kr.
B.Ed.
cand. med.
ef. ft.
hr. Jón Kr. Jóh.
það er t.d. a.m.k. þannig hér
o.fl. o.fl.

Ekki er notaður punktur í skammstöfun samsetts orðs ef síðari eða síðasti hluti þess er ekki skammstafaður.

Rvík (en Reykjav., Rv.)
Khöfn (en Kaupmannah., Kmh.)

Vélin flaug til Khafnar í dag. • Hann fór til Rvíkur í gær.

Ekki er settur punktur á eftir skammstöfunum í metrakerfinu né skammstöfuðum heitum frumefna og ýmsum öðrum skammstöfuðum heitum og mælieiningum í efna- og eðlisfræði.

cm (sentimetri) • H (vetni) • hl (hektólítri) • Hz (herts) • kg (kíló) • l (lítri) • M (mega) • m (metri) • MHz (megaherts) • mm (millimetri) • Na (natríum) • Pa (paskal) • V (volt) • W (vatt)

Ekki er hafður punktur í skammstöfunum sem eru ritaðar með upphafsstöfum nema þegar mannanöfn eru skammstöfuð að hluta til.

HÍ (Háskóli Íslands) • ÍR (Íþróttafélag Reykjavíkur) • MA (Menntaskólinn á Akureyri) • BSRB (Bandalag starfsmanna ríkis og bæja) • KR (Knattspyrnufélag Reykjavíkur) • DO (Davíð Oddsson) • SPRON (Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis) • NATO (North Atlantic Treaty Organization)

Áslaug G. Bjarnadóttir • Jón B. Jónsson • Þórir Kr. Þórðarson

99

Þegar málgrein endar á skammstöfun eða raðtölu á ekki að bæta við öðrum punkti.

Hann greiddi henni 100 kr.
Þetta gerðist einhvern tíma í febrúar, annaðhvort 21. eða 22.
Elísabet I. var dóttir Hinriks VIII.

Hún keypti mat fyrir 100 kr.: mjólk og jógúrt.
Hún fékk 100 kr.; peningurinn fór í mat.
Var Elísabet I. dóttir Hinriks VIII.?

100

Notaður er punktur til að greina að þúsund í tölum (þó aldrei í ártölum). Þá er settur punktur framan við þriðja tölusæti frá hægri og síðan á þriggja sæta fresti.

Kílóíð kostar 1.995,- kr.
14.000 manns rituðu nafn sitt á undirskriftarlistann.
Íbúar Danmerkur eru fleiri en 5 milljónir (5.387.174 árið 2003).
Sólin er að meðaltali 149.500.000 km frá jörðu.

Einnig tíðkast að taka tölustafina í heiltöluhlutanum saman þrjá og þrjá, talið frá hægri, og hafa autt bil á milli.

Sólin er að meðaltali 149 500 000 km frá jörðu.

XVI. ÚRFELLINGARPUNKTAR

101

Úrfellingarpunktur ... eru notaðir til þess að sýna að texti hafi verið felldur brott eða til að tákna hik, eitthvað sem er ólokið, óljóst eða gefið í skyn. Á undan og eftir úrfellingarpunktum eru stafbil ef næst fyrir framan þá kemur heilt orð. Stafbil er ekki haft aftan við úrfellingarpunkta ef á eftir þeim fara önnur greinarmerki.

Margir ... lögðu sitt af mörkum.
Köttur úti í mýri ... úti er ævintýri.
Ævintýri enda oft á formúlubundinn hátt: Köttur úti í mýri ...
Mörg ævintýri byrja á orðunum: Einu sinni var ...
Áttu við ..., sagði pabbi og svo þagnaði hann líka.
Er hann nokkuð ...?
Þessi héna ...!
Egill svaraði matseljunni: „Ver þú vel við ... þótt eg bakist við eldinn og mýkjumst vér við um rúmin.“
Egill bað matseljuna verða vel við „... þótt eg bakist við eldinn og mýkjumst vér við um rúmin“.
Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn ...“

Ef felldur er niður hluti orðs er ekkert bil haft á undan úrfellingarpunktum.

Hver í andsk... var þetta eiginlega?
Helv... fíflað kom ekki.
Fyrst varð ég að sópa og mjó... nei, gefa hænsnunum.

XVII. ÚRFELLINGARMERKI

102

Úrfellingarmerki er kló ' eða högg ' og má nota til að sýna að felldur hafi verið brott stafur eða stafir. Úrfellingarmerki eru forsett eða eftirsett eftir atvikum.

Það átt' ekki við 'ann að rjúfa sín heit.
Ólafur fæddist '87.
'68-kynslóðin vildi láta til sín taka.

Það átt' ekki við 'ann að rjúfa sín heit.
Ólafur fæddist '87.
'68-kynslóðin vildi láta til sín taka.

XVIII. KOMMA

103

Komma er höfð í upptalningu og þegar orð eru endurtekin nema þar sem notaðar eru samtengingar.

Sigrún, Jón, Árni og Guðrún eru systkin.
Á morgun er landafræði, enska, stærðfræði og danska.
Þetta er langtum, langtum skemmtilegra.
Já, já.
Á morgun er landafræði og enska og stærðfræði og danska.

104

Komma er höfð til að afmarka ávörp og upphrópanir.

Komdu hingað, vinur.
Sæl, Anna, og til hamingju með afmælið.
Fundarstjóri, má ég bera fram athugasemd?
Ég get sagt þér það, Ása, að ég er orðinn verulega þreyttur á þessum hávaða.
Hvað var það, minn kæri, sem þú vildir okkur segja, þú frægi skrýtni Sölvi Helgason?
Nei, það kemur ekki til greina.
Ó, farðu þér nú ekki að voða, elskan mín.

105

Komma er sett til að afmarka beina ræðu en ef beinni ræðu lýkur með punkti, upphrópunarmerki eða spurningarmerki er kommunni sleppt.

„Þetta skil ég vel,“ sagði Anna.
„Nú er tíminn,“ sagði hann, „til að skipta um rafhlöðu.“
„Þetta er ömurlegt!“ hrópaði Anna.
„Eruð þið búin að skipta um rafhlöðu?“ spurði hann.

106

Kommur eru notaðar við ritun tugabrota og til að aðgreina krónur og auru í fjárhæðum.

Kílóíð kostar 29,95 kr.
Einn deilt með fjórum er 0,25.
Pí er u.þ.b. 3,14.

107

Komma er höfð til að afmarka innskot og ýmiss konar viðbætur sem eru ekki tengdar með samtengingum. Athuga þó lið 110.

Hvannadalshnjúkur, hæsti tindur Íslands, er 2.119 metra hár.
Skólastjórinn, hann Páll, var veikur í gær.
Hann hefur, sennilega í ógáti, fellt niður skálina.
Tveir starfsmenn, Ásta og Gunnar, ætla til útlanda í sumar.
Þær eru farnar heim, stúlkurnar.
Réttu mér bolla, þennan hvíta.
Var hann ekki bakari, hann Jón?
Hann hljóp út, sárreiður og æstur.
Loksins komumst við heim, ánægð með daginn.
Athuga þurfti hverja ögn sem þær fengu, blessaðar skepnurnar.
Járnbrautardraumarnir rættust aldrei, að frátalinni flutningabraut í Reykjavík.
Ég ætla að koma fljótt aftur, á morgun eða hinn daginn.

108

Þegar setningar koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein er meginreglan sú að þær eru *annaðhvort* aðgreindar með kommu eða tengdar með samtengingum.

Að sumu leyti var mjög gaman, að öðru leyti var mjög leiðinlegt.
Að sumu leyti var mjög gaman en að öðru leyti var mjög leiðinlegt.

Sumir fengu ís, aðrir vildu frekar búðing.
Sumir fengu ís en aðrir vildu frekar búðing.

Sigurður lagði á borðið, bauð gestunum til sætis og settist niður.
Sigurður lagði á borðið og bauð gestunum til sætis og settist niður.

Mér líður vel, veðrið er gott, sólin skín glatt, fuglarnir kvaka, sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu.
Mér líður vel þegar veðrið er gott.
Mér líður vel þegar veðrið er gott og sólin skín glatt og fuglarnir kvaka og sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu.

Hér er komin nútímaleg vara sem höfðar sterkt til ungs fólks sem keppir við tímann.

Þið skuluð fara eftir lögum í þeim löndum sem þið ferðist til og þið ætlið að dveljast í.

Hafa verður í huga að samtengingar geta lent annars staðar en mitt á milli þeirra setninga sem þær tengja (t.d. fremst í málsgrein) en samt sem áður er ekki höfð komma á mótum setninganna.

Eins og áðan kom fram fellur fundurinn í dag niður.
Þegar Israelmenn sáu að þeir voru í hættu því að þrengt var að hernum földu þeir sig.
Þegar veðrið er gott líður mér vel.
Þegar veðrið er gott, sólin skín glatt, fuglarnir kvaka, sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.
Þegar veðrið er gott og sólin skín glatt og fuglarnir kvaka og sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.

Skýringartengingin að má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað í dæmum á borð við:

Hann veit að hún kemur. / Hann veit hún kemur.

Skilyrðistengingin ef má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað (þá verður umsögn í skilyrðissetningu í viðtengingarhætti):

Þeir róa í kvöld ef veðrið skánar. / Þeir róa í kvöld skáni veðrið.
Ef veðrið skánar róa þeir í kvöld. / Skáni veðrið róa þeir í kvöld.

109

Sú meginregla gildir að afmarka skal með kommu þær setningar sem fleyga aðrar setningar.

Setningar skal, ef þær fleyga aðrar setningar, afmarka með kommu. • Hundurinn, sem skotinn var, var svartur. • Bíllinn þinn, sem stendur fyrir framan húsið, er glæsilegur. • Í þeim samdrætti, sem nú gengur yfir, er fráleitt að auka launakostnað fyrirtækjanna. • Með þeim breytingum yrði höfuðverkefni Alþingis á haustþingi, hvað varðar fjármál ríkisins, að vinna að fjárlögum samkvæmt fyrirbyggjandi tekjuramma. • Lagt er til að útgerðir þeirra báta, sem nú stunda veiðar með krókaleyfi, geti fengið aflahlutdeild í einstökum tegundum. • Eitt stærsta verkefnið í þeirri endurskipulagningu, sem átt hefur sér stað, er að gera stjórnsýsluna gegnsærri og skilvirkari jafnframt því að nálgast þarfir og óskir almennings. • Sérfræðingar á ýmsum sviðum, er tengjast opinberum innkaupum, kynntu nýjungar á fjölsóttri innkauparáðstefnu. • Sá elsti, sem tók þátt í Reykjavíkummaraboni, fæddist 1928 og sá yngsti 1993. • Ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal færa til almennrar skoðunar árlega. • Ljóst er að þær reglur, sem nú eru í gildi, leiða til kostnaðar fyrir eigendur ökutækja. • Lagt er til að skjöl viðvirkjandi lánnum, er sjóðurinn tekur, skuli undanþegin stimpilgjöldum. • Húsið, sem stendur þarna, er nýtt. • Margar af allra bestu viðskiptahugmyndum, sem komið hafa fram, hafa einmitt orðið til á þann hátt að málum hefur einfaldlega verið snúið á hvolf eða á rönguna. • Á morgun, áður en þú kemur heim úr skólanum, verð ég búinn að mála herbergið. • Þó er ekki heimilt, nema Alþingi gefi samþykki, að selja prestssetur eða réttindi sem þeim tengjast sem prestssetrasjóður tekur við þegar lög þessi öðlast gildi. • Gert er ráð fyrir að læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur, sem smitast hefur af smitsjúkdómi sem er tilkynningaskyldur, hefur ekki hirt um að leita til læknis, skuli þegar í stað vekja athygli héraðslæknis eða sóttvarnalæknis á því. • Mikilvægt er, þrátt fyrir það sem að framan er sagt, að gæta þess að það barnastarf, sem fram fer á vegum sveitarfélaganna, sé ekki of dyrt fyrir foreldra.

Þó skal aldrei nota kommu til að afmarka tilvísunarsetningar (tengdar með *sem* eða *er*) þegar næst framan við þær stendur fornafnið *sá* (*sú*, *það*; *þeir*, *þær*, *þau*) eða atviksorðið *þar*.

Sá sem fæst við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér.
Þeir sem vilja mega koma í boðið.
Það sem birtist á skjánum er ólæsilegt.
Hvor þeirra sem er fær samþykki mitt.
Hver þeirra sem er fær kaffi.
Enginn þeirra sem komu í búðina keypti mjólk.
Sá er trúir verður hólpinn.
Þar sem þú ert vil ég líka vera.
Vegur sá sem lagður var yfir heiðina í fyrra kostaði mikla fjármuni.

Þegar önnur fornöfn eða atviksorð standa næst framan við setningar sem fleyga aðrar setningar er valfrjálst hvort þær eru afmarkaðar með kommu.

Ég, sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár, hef aldrei séð annað eins. • Ég sem hef verið leigubílstjóri í 25 ár hef aldrei séð annað eins. • Þú, sem aldrei ferð í bíó, hefur auðvitað misst af myndinni. • Þú sem aldrei ferð í bíó hefur auðvitað misst af myndinni. • Þá, þegar allt var um garð gengið, áttaði ég mig á þessu. • Þá þegar allt var um garð gengið áttaði ég mig á þessu. • Loks, þegar allt var um garð gengið, áttaði ég mig á þessu. • Loks þegar allt var um garð gengið áttaði ég mig á þessu. • Seinna, þegar allt var um garð gengið, áttaði ég mig á þessu. • Seinna þegar allt var um garð gengið áttaði ég mig á þessu. • Oft, þegar veðrið er gott, sit ég úti í garði. • Oft þegar veðrið er gott sit ég úti í garði. • Stundum, þegar veðrið er gott, sit ég úti í garði. • Stundum þegar veðrið er gott sit ég úti í garði. • Alltaf, þegar veðrið er gott, sit ég úti í garði. • Alltaf þegar veðrið er gott sit ég úti í garði. • Nú, þegar allt er um garð gengið, átta ég mig á þessu. • Nú þegar allt er um garð gengið átta ég mig á þessu. • Sérhver, sem þess óskar, getur fengið að sjá þetta. • Sérhver sem þess óskar getur fengið að sjá þetta. • Sumir, sem ég þekki, ætla til Akureyrar í sumar. • Sumir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar. • Ýmsir, sem hér búa, eru óánægðir. • Ýmsir sem hér búa eru óánægðir. • Nokkrir, sem ég þekki, ætla til Akureyrar í sumar. • Nokkrir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar. • Nokkuð, sem allir kannast við, kom fyrir mig í gær. • Nokkuð sem allir kannast við kom fyrir mig í gær. • Allir, sem uppfylla tiltekin skilyrði, hafa fengið leyfi til að stunda fiskvinnslu. • Allir sem uppfylla tiltekin skilyrði hafa fengið leyfi til að stunda fiskvinnslu. • Enginn annar, sem kom í búðina, keypti mjólk. • Enginn annar sem kom í búðina keypti mjólk. • Báðir, sem hlut eiga að deilunni, skulu sýna sáttfýsi. • Báðir sem hlut eiga að deilunni skulu sýna sáttfýsi. • Einhver, sem vildi tala við þig, hringdi áðan. • Einhver sem vildi tala við þig hringdi áðan. • Eitthvað, sem ég skil ekki, er hér á seyði. • Eitthvað sem ég skil ekki er hér á seyði. • Sá einn, sem trúir, verður hólpinn. • Sá einn sem trúir verður hólpinn. • Enginn, sem kom í búðina, keypti mjólk. • Enginn sem kom í búðina keypti mjólk. • Fáeinir, sem komu, vildu kaffi. • Fáeinir sem komu vildu kaffi. • Ástæða þess, að aðrir, sem teljast til félagsins, mættu ekki, er óljós. • Ástæða þess að aðrir sem teljast til félagsins mættu ekki er óljós. • Það, að þeir mættu ekki, kom á óvart. • Það að þeir mættu ekki kom á óvart. • Hvenær, sem er, máttu hringja í mig. • Hvenær sem er máttu hringja í mig. • Hvernig, sem á stendur, máttu hringja í mig. • Hvernig sem á stendur máttu hringja í mig. • Þessi, sem kom um daginn, er bróðir minn. • Þessi sem kom um daginn er bróðir minn. • Hinir, sem eru að glíma við þetta, þekkja vandann líka. • Hinir sem eru að glíma við þetta þekkja vandann líka. • Hver, sem vill, getur fengið að sjá þetta. • Hver sem vill getur fengið að sjá þetta. • Hann fól hverjum, sem þess óskaði, prestsþjónustu á hendur. • Hann fól hverjum sem þess óskaði prestsþjónustu á hendur. • Hver, sem er, fær kaffi. • Hver sem er fær kaffi. • Þangað, sem þú ferð, vil ég líka fara. • Þangað sem þú ferð vil ég líka fara. • Hvar, sem þú ert, vil ég líka vera. • Hvar sem þú ert vil ég líka vera. • Hvert, sem þú ferð, vil ég líka fara. • Hvert sem þú ferð vil ég líka fara. • Hvaðan, sem þú kemur, skal ég taka á móti þér. • Hvaðan sem þú kemur skal ég taka á móti þér.

110

Kommur eru ekki láttnar afmarka starfsheiti, titla og frændsemisorð nema þar sem um er að ræða fleiri en eitt orð.

Jón Gunnar tannlæknir tók þátt í hátíðarhöldunum.
Jón Gunnar, tannlæknir grunnskólanna, tók þátt í hátíðarhöldunum.

Jóna Árnadóttir formaður mælti fyrir tillögunni.
Jóna Árnadóttir, formaður félagsins, mælti fyrir tillögunni.

Jói frændi kom í veisluna.
Jói, frændi okkar, kom í veisluna.

Sigríður Jóna systir kom heim til mín í gær.
Sigríður Jóna, systir mín, kom heim til mín í gær.

Sál gaf honum þá Míkal, dóttur sína, fyrir eiginkonu.

111

Kommur eru valfrjálsar milli lýsingarorða eða lýsingarháttanna ef orðin eru aðeins tvö. Setja skal kommur ef orðin eru þrjú eða fleiri nema á þá staði þar sem samtengingar koma í þeirra stað.

Þarna var gömul góð kona.
Þarna var gömul, góð kona.
Þarna var gömul, góð, gráhærð kona.
Þarna var gömul, góð og gráhærð kona.

Ég sá stóra grimma úlfinn.
Ég sá stóra, grimma úlfinn.
Ég sá stóra, ljóta, grimma úlfinn.
Ég sá stóra, ljóta og grimma úlfinn.

Þetta var á köldum heiðskírum vetrardegi.
Þetta var á köldum, heiðskírum vetrardegi.
Þetta var á köldum, björtum, heiðskírum vetrardegi.
Þetta var á köldum, björtum og heiðskírum vetrardegi.

Hver á gamla bláa bílinn?
Hver á gamla, bláa bílinn?
Hver á gamla, fallega, bláa bílinn?
Hver á gamla, fallega og bláa bílinn?

Þetta er afgirt vaktað svæði.
Þetta er afgirt, vaktað svæði.
Þetta er afgirt, merkt, vaktað svæði.
Þetta er afgirt, merkt og vaktað svæði.

Ávöxtunin fæst með íslenskum ríkistryggðum skuldabréfum.
Ávöxtunin fæst með íslenskum, ríkistryggðum skuldabréfum.
Ávöxtunin fæst með íslenskum, traustum, ríkistryggðum skuldabréfum.
Ávöxtunin fæst með íslenskum, traustum og ríkistryggðum skuldabréfum.

112

Heimilt er að setja kommu milli setninga ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning þótt það brjóti í bága við fyrrgreindar reglur.

Heimilt er að nota kommu í listrænu skyni til að ákveða hik eða þagnir í lestri í samræmi við hugmyndir höfundar texta um lestur, framsögn eða stíl. Slík kommuþing skal þó ekki kennd í skólum né gilda á skólaprófum.

XIX. SEMIKOMMA

113

Í stað punkts má setja semikomu milli málsgreina ef málsgreinarnar eru merkingarlega nátengdar en einkum ef síðari málsgreinin táknar afleiðingu hinnar fyrri eða andstæðu hennar.

Það hefur verið mikið ónæði hérna í dag; mér hefur því ekki tekist að ljúka verkefninu. Jón varð fyrir aðkasti margra; samt lagði hann engum illt til.

114

Semikomu má nota í upptalningu til að afmarka þá liði sem helst eiga saman.

Verslunin selur ýmiss konar vörur: pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmvötn og aðra hreinlætisvöru. Hiti sjúklingsins var 39,6; 38,7; 37,9; 36,9.

XX. TVÍPUNKTUR

115

Tvípunktur er settur á undan beinni ræðu eða beinni tilvitnun ef á undan fara inngangsorð.

Jón hugsaði sig um stundarkorn og sagði svo: „Jú, þetta er rétt hjá þér.“ Í ritgerðinni stendur: „Bústaðurinn er frá 12. öld.“

Tvípunktur er settur á undan upptalningu eða skýringu á eftir setningu sem væri málfræðilega sjálfstæð málsgrein þótt upptalningunni eða skýringunni væri sleppt.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

116

Notaður er upphafsstafur á eftir tvípunkti ef um er að ræða fullkomna sjálfstæða málsgrein eða sérnafn.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

Hún fór til þriggja landa: Noregs, Ítalíu og Frakklands.

Annars er val um lítinn eða stóran staf. Fremur er mælt með rithætti með litlum staf.

Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga. Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: Missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.

Hún keypti þrenns konar ávexti: banana, epli og appelsínur. Hún keypti þrenns konar ávexti: Banana, epli og appelsínur.

Hún hefur heimsótt þrjá ættingja erlendis: ömmu sína, bróður sinn og frænda. Hún hefur heimsótt þrjá ættingja erlendis: Ömmu sína, bróður sinn og frænda.

117

Tvípunktur má einnig nota til að tákna mælikvarða, aðgreina ártal og blaðsíðutal heimildar, birta tíma, úrslit o.fl.

1:250.000
2004:43
Kl. 2:45
Leikurinn fór 84:78

122

Svigar eru jafnan settir utan um valfrjálsa stafi.

Veistu hvort mannsnafnið Auðun(n) var algengt fyrr á öldum?
Hve ánægð(ur) ertu með þjónustu fyrirtækisins?
Vertu velkomin(n)!

123

Hægri sviga má nota þegar liðir í upptalningu eru merktir með tölustöfum eða bókstöfum.

Á fundinum voru þessi mál rædd: 1) efnahagsmálin, 2) öryggismálin, 3) virkjunarmálin. Þingmaðurinn hefur setið í þessum nefndum: a) menntamálanefnd, b) samgöngunefnd, c) landbúnaðarnefnd og d) félagsmálanefnd.

XXIV. SKÁSTRIK

124

Skástrik má m.a. nota í almennum brotum, númerum laga o.þ.h., sem deilingarmerki, í tákunun hraðaeininga og til að tákna tvo eða fleiri mismunandi möguleika í texta.

Líkurnar á að fá fimm sexur í fyrsta kasti eru $1/7776$.
Tillagan var samþykkt með $3/4$ atkvæða.
Höfð var hliðsjón af lögum nr. 2/1990 og auglýsingu nr. 132/1974.
 $25/5=5$
Ljóshraði er u.þ.b. 300.000 km/s.
Hámarkshraði á leiðinni er 90 km/klst.
Þing Tékklands og/eða Slóvakíu var kallað saman.
Kæli-/hitabúsi er til sölu í versluninni.
Þér/ykkur er hér með boðið til veislu á laugardaginn kl. 20.
Í kössunum eru 20/50/100/500 einingar eftir atvikum.

XXV. TILVITNUNARMERKI (GÆSALAPPIR)

125

Gæsalappir eru notaðar til að afmarka beina ræðu í frásögn, orðréttar tilvitnanir, einstök orð og orðasambönd (m.a. til að gefa í skyn háð eða að málnotkunin sé ekki heppileg eða fullgild) og til að skýra merkingu orða og orðasambanda. Athuga að íslenskar gæsalappir eru þannig að þær fremri eru niðri og snúa eins og talan 9 en þær aftari eru uppi og snúa eins og talan 6.

Bangsi litli sagði: „Það hefur einhver setið í stólnum mínum.“
„Bara að ég hefði aldrei tekið lykilinn,“ hugsaði Pétur.
Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur.“

Ásgeir mælti: „Afi sagði við mig: „Hertu þig nú.““
Ásgeir mælti: „Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur“ þegar hann vildi hvetja mig.“

Fyrirtækið fékk sérstaka viðurkenningu fyrir „lofsvert framtak við að styðja langveik börn og fjölskyldur þeirra“.

Þessi „trausti vinur“ sveik mig illilega.

Mér hefur aldrei fundist hann sérlega „sympatískur karakter“.

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.

Orðtakið „að hrökkva upp af klaknum“ merkir „að deyja“.

Nota má einfaldar gæsalappir í stað tvöfaldrá ef um er að ræða allt annað en beina ræðu eða tilvitnun.

Orðið *fákur* merkir „hestur“.

Mér hefur aldrei fundist hann sérlega „sympatískur karakter“.

XXVI. AFSTAÐA TILVITNUNARMERKJA OG SVIGA TIL ANNARRA GREINARMERKJA

126

Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á undan seinni gæsalöppum ef gæsalappirnar auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi.

„Þetta var vel af sér vikið.“
Guðmundur sagði: „Börnin eiga að koma heim.“
„Ég held,“ sagði hún, „að þetta geti gengið.“
„Hver er þetta?“
„Hvað þá!“

Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á eftir seinni gæsalöppum ef gæsalappirnar auðkenna aðeins hluta málsgreinarinnar.

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukku tíma“.
Hann notaði orðið „strax“, það merkti hjá honum „eftir klukku tíma“.
Notaði hann orðið „strax“?
Hann notaði orðið „strax“!

127

Punktur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á undan seinni sviga ef svigarnir afmarka heila málsgrein eða tilsvarendi. Einnig geta spurningarmerki og upphrópunarmerki komið innan sviga ef þau eiga aðeins við það sem er í sviganum en ekki alla málsgreinina.

Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Verkamenn tóku ekki afstöðu.)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Hver var afstaða verkamanna?)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Ekki satt?)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Verkamenn tóku ekki afstöðu!)
Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Já!)
Þá reis deila milli bænda (rétt?) og sjómanna.
Þá reis deila milli búenda (svo!) og sjómanna.

Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett á eftir seinni sviga ef svigarnir afmarka aðeins hluta málsgreinarinnar.

Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536).
Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536), á því leikur enginn vafi.
Er ekki hluti svæðisins á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536)?
Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 535 og að hluta til 536)!

128

Semikommur eru hafðar aftan við gæsalappir og sviga.

Haraldur var dómhvatur og sagði m.a.: „Embættisfærsla Guðmundar er fyrir neðan allar hellur“; enginn viðstaddra samþykkti þetta.
Haraldur sagði að embættisfærsla Guðmundar væri fyrir neðan allar hellur (dómhvatur eins og fyrri daginn); enginn viðstaddra samþykkti þetta.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.